



FÉLAG  
ELDRI  
BORGARA

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1844  
komudagur 19.3.2008

Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. nefndasviðs skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2008

Varðar: Frumvarp til laga um frístundabyggð

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lýsir yfir stuðningi sínum við framkomið frumvarp til laga um frístundabyggð (þskj. 614 – 372. mál). Félagið telur það afar mikilvægt að jafna samningsstöðu leigusala og leigutaka lóða undir frístundahús þar sem margt eldra fólk er í þeirri aðstöðu um þessar mundir að leigutími slíkra lóða er að renna út. Dæmin sýna að í mörgum tilfellum lendir fólk í þeim afarkostum að bjóðast ekki að hafa þessar lóðir á leigu lengur eða að öðrum kosti hækki leiguupphæðin margfalt.

Margir hafa eytt stórum hluta æfningar í að byggja sér sumarbústaði með ærnum tilkostnaði og tíma til að njóta þess að dvelja þar frá amstri dagsins. Því telur félagið það mjög til bóta að réttindi þessa fólks til að hafa lóðirnar á leigu áfram, án þess að leiguverðið rjúki upp úr öllu valdi eða að vera sagt upp samningi um lóðirnar, verði tryggt með lögum.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara  
í Reykjavík og nágrenni,

Sigurður Einarsson  
framkvæmdastjóri